

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXV. árgangur.

3. hefti.

1995

Þriðjudaginn 13. júní 1995.

Nr. 198/1995.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Joseph Georg Adessa

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1990. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Jóni Finnbjörnssyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í greinargerð til Hæstaréttar hefur varnaraðili talið það fara í bága við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 80/1995, að fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi kveðið upp hinn kærða úrskurð. Hefði settur eða skipaður héraðsdómari átt að fjalla um kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila.

Svo sem 6. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, er úr garði gerð, verður hún ekki talin girða fyrir, að fulltrúar við héraðsdómstóla kveði upp rannsóknarúrskurði í opinberum málum, þar á

meðal gæsluvarðhaldsúrskurði. Var að þessu álitaeðni sérstaklega vikið við meðferð frumvarps til síðastnefndra laga á Alþingi, svo sem álit allsherjarnefndar frá 29. maí 1995 ber með sér. Verður því að miða við, að fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi verið bær til að kveða upp úrskurð um, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi.

Hinn 30. maí 1995 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila, meðal annars fyrir líkamsárás, sem þar er talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Brot þetta, sem varnaraðili hefur játað aðild að, getur varðað fangelsi allt að 16 árum. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Það athugast, að upphafstími gæsluvarðhaldsvistar varnaraðila var ekki tilgreindur í hinum kærða úrskurði, sbr. 2. mgr. 105. gr. laga nr. 19/1991, en hann hafði við uppkvaðningu hans enn ekki lokið afplánun eftirstöðva 12 mánaða fangelsisrefsingar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 1995.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Joseph Georg Adessa, kt. 190977-4639, Aðallandi 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi frá sunnudeginum 11. júní nk., þar til dómur gengur í máli ákærvaldsins gegn honum og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 5. júlí nk. kl. 8.00.

Kærði og verjandi hans mótmæltu kröfunni.

Með ákæru, dags. 30. maí 1995, er höfðað opinbert mál á hendur kærða. Honum eru þar gefin að sök þrjú brot gegn almennum hegningarlögum. Eru brotin heimfærð í ákærinni til 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. auk brots gegn 2. mgr. 218. gr., sem er lýst svo:

„... líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. febrúar við hús númer 18 við Hafnarstræti stungið Kristján Braga Valsson, fæddan 14. nóvember 1978, með hnífi í vinstri síðu ofan við mjaðmarspaða, svo að hann hlaut holsár inn undir ósæð aftan við kviðarhol“.

Við þingfestingu málsins, sem skráð er nr. S-594/1995, játaði kærði hnífstungu þessa svo og brot það, sem heimfært er til 217. gr.

Þá er til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins ætlað brot ákærða

gegn 1. mgr. 106. og 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga með árás á fangavörð í Síðumúlafangelsi.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1994 var kærða gert að sæta fangelsi 12 mánuði fyrir brot og tilraun til brots gegn 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga. Hann hóf afplánun á þeirri refsingu, en var veitt reynslulausn skilorðsbundið 9. nóvember 1994. Vegna skilorðsrofa hóf hann afplánun eftirstöðva refsingarinnar 12. febrúar sl., og lýkur þeirri afplánun 11. þ. m.

Niðurstaða.

Ríkissaksóknari styður kröfu um gæsluvarðhald við 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði hefur afplánað refsingu, frá því að hann var handtekinn vegna ofangreindrar hnífstungu. Brot þetta er alvarlegt, þó að afleiðingar þess sýnist hafa orðið minni en búast mátti við, en kærði beitti hnífi með 13 cm löngu blaði. Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. er nauðsynlegt, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, og verður því markaður upphafstími og lok í samræmi við kröfugerð ákæruvalds.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Joseph Georg Adessa, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nr. S-594/1995, þó ekki lengur en til miðvikudags 5. júlí nk. kl. 8.00.
